

Vistvottað
skipulag
í Urriðaholti



BREEAM®

Urriðaholt er fyrsta hverfið á Íslandi þar sem skipulag hefur verið metið og vottað samkvæmt vistvottunarkerfi BREEAM. Með því er staðfest að í skipulaginu sé gott umhverfi fyrir íbúa, náttúru og vinnustaði haft að leiðarljósi.

- Fjölbreytt framboð íbúða
- Atvinnusvæði í hverfinu
- Góð almenningsrými
- Minni hljóð- og ljósmengun
- Áhersla á orkusparnað og umhverfisvæn byggingarefni
- Valkostir um ferðamáta
- Verslun og þjónusta í hverfinu





Vottunin tryggir m.a. að í hverfinu sé hugað
að eftirfarandi atriðum:

- Skjólrik leiksvæði
- Torg á háholtinu þar sem er mögulegt að sitja úti í góðu veðri
- Öruggar gönguleiðir í skóla og leikskóla
- Hugað að öryggi gangandi og hjólandi, með nálægð húsa við gönguleiðir
- Gott aðgengi að strætóstöðvum í göngufjarlægð
- Blágrænar ofanvatnslausnir til að tryggja gróðurvænt umhverfi og verndun Urriðavatns
- Góðar tengingar við Urriðavatn og önnur útivistarsvæði
- Hjólastígur við Urriðaholtsstræti
- Sturta og hjólastæði á vinnustöðum
- Hjólastæði eru í götum, við strætóskýli og við fjölbýlishús
- Þægileg lýsing utandyra, minni ljósmengun



Hvað er BREEAM?

BREEAM vistvottun staðfestir að Urriðaholt uppfyllir skilyrði BREEAM Communities um framúrskarandi skipulag þar sem unnið er með sjálfbæra þróun og virðingu fyrir umhverfi og samfélagi að leiðarljósi.

BREEAM vistvottun er leið til að hjálpa hönnuðum við að skipuleggja hverfi þar sem fólk vill búa og starfa í mannvænlegu umhverfi.

BREEAM vistvottun hvetur skipulagshönnuði, landeigendur og fulltrúa sveitarfélaga til að taka afstöðu til 40 umfjöllunarefna sem hvert fyrir sig geta gert skipulag hverfisins betra. Þar á meðal er framboð á þjónustu, aðstaða fyrir hjólandi og gangandi, aðgengi fyrir alla, fjarlægð í skóla og leikskóla, framboð á íbúðum og atvinnumöguleikar í hverfinu, svo eitthvað sé nefnt.





Lífsgæði

- Fjölbreytt framboð húsnæðis, fyrir öll æviskeið
- Stutt í skóla, sundlaug, verslun og aðra þjónustu
- Öruggar göngu- og hjólaleiðir
- Græn svæði samofin hverfinu
- Ofanvatn fer um græn svæði að Urriðavatni
- Hleðslustæði fyrir rafbíla við öll fjölbýlishús
- Öll salerni eru vatnssparandi
- Grenndargámar í göngufæri
- Gott aðgengi til og frá hverfinu, þægilegar og öruggar hjóla- og göngutengingar

Vottunarferlið

Rammaskipulag Urriðaholts fékk staðfesta vistvottun samkvæmt BREEAM sumarið 2015. Deiliskipulag Urriðaholts, 2. áfangi norður, fékk staðfestingu á vistvottun BREEAM í febrúar 2016. Nú er unnið að vottun fyrir deiliskipulag 3. áfanga norður og háholtið.

